

3. gr.

Auglýsing þessi um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla er birt með vísan til 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 242/1989 svo og auglýsing um fjölda kennslustunda í 1.-10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina (viðmiðunarstundaskrá) nr. 439/1995.

Menntamálaráðuneytinu, 30. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

2. ágúst 1996

Nr. 438

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1996 og lýkur 31. ágúst 1997 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 12.930 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 139 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.300 kr.

Aflamarksskip sem stunduðu línuveiðar fiskveiðiárið 1995/1996 skulu greiða veiðieftirlitsgjald vegna þess helming landaðs afla viðkomandi skips í janúar og febrúar 1996 sem ekki taldist til aflamarks eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakörkunum. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 6 mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1996.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, rækja 1.00, humar (slitinn) 9.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.10, loðna 0.07.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

Útgerðir fiskiskipa er hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskiskip er fá úthlutað aflamarki 1. september 1996 skulu greiða gjald er nemur 1090 krónum -Eittþúsundogníutíu 00/100 krónur- á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum þann 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997. Fiskiskip er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslíð þessarar greinar. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiðast 1. maí 1997. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.